

Fimmtudaginn 14. júní 1989.

Nr. 226/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Bjartmari Hrafn Sigurðssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 172. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 12. júní 1989, sem hingað barst 13. júní. Verður að skýra kærana svo, að í henni felist krafa um, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skírskotan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Suður-Múlasýslu 12. júní 1989.

Ár 1989, mánudaginn 12. júní, er á dómþingi sakadóms Suður-Múlasýslu, sem haldið er í dómsal embættisins að Strandgötu 52, Eskifirði, af Sigurði Eiríkssyni sýslumanni við neðanskráða votta, kveðinn upp úrskurður í tilefni rannsóknar á bruna í fyrirtækinu Færabaki á Stöðvarfirði að morgni 28. maí 1989 og rannsóknar á bruna í salthúsi Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar 22. október 1988.

Málsatvik.

Að morgni 28. maí 1989 kom upp eldur í kaffiskúr og fiskvinnsluhúsi ofangreinds fyrirtækis á Stöðvarfirði.

Grunur féll á kærða, Bjarmar Hrafn Sigurðsson, kennitala 260947-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði.

Með úrskurði sakadóms Suður-Múlasýslu, upp kveðnum 29. maí 1989, var kærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til kl. 14.00 í dag. Úrskurður þessi var staðfestur í Hæstarétti 31. maí 1989.

Kærði hefur í skýrslu lögreglu 6. júní 1989 viðurkennt að vera valdur að eldsvoðanum að morgni 28. maí 1989, og þann framburð hefur kærði staðfest fyrir dómi nú í morgun.

Um brunann í salthúsi Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar 22. október 1988 er í ljós leitt, að kvöldið fyrir brunann sat kærði við drykkju á heimili sínu að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, ásamt þeim Sveinbirni Sverrissyni, Sigrúnu Sverrisdóttur og Oddnýju Sverrisdóttur. Samkvæmt framburði kærða var ákveðið þarna um kvöldið, að þau fjögur færðu sig að heimili Sveinbjörns Sverrissonar. Leiðin frá heimili kærða og að heimili Sveinbjörns liggur fram hjá umræddu salthúsi. Í ljós er komið í málinu, að þau þrjú, sem að ofan eru nefnd, fóru á undan kærða og að heimili Sveinbjörns. Kærði varð eftir, en getur ekki gert grein fyrir ástæðunni. Hann hefur síðan sagt, að hann hafi séð, þegar hann stuttu seinna hafi gengið áleiðis að heimili Sveinbjörns og verið að fara fram hjá umræddu salthúsi, að eldur logaði innan við hurð á geymslu neðan við húsið, en ekki hafi verið eldur annars staðar í húsinu. Þarna segist kærði hafa verið einn. Kærði segir, að svarta þoka hafi verið og að hann hafi heyrt í þeim hinum þremur þarna stutt frá. Kærði segist þarna hafa snúið við og haldið að heimili sínu og tilkynnt slökkviliði.

Í upplýsingaskýrslu lögreglu á dskj. nr. 16 kemur fram, að rannsóknar-lögregla hefur rætt óformlega í síma við Oddnýju Þórunni Sverrisdóttur. Hún hefur kannast við málið og sagt, að ákveðið hafi verið að fara frá heimili kærða og að heimili sínu, sem er utarlega í bænum. Oddný sagði, að kærði hefði komið á eftir þeim, en á móts við Samvinnubankann hefði hann snúið við og þau ekki séð hann eftir það, fyrr en eftir að eldurinn kom upp.

Af framanrituðu er ljóst, að kærði er grunaður um að hafa valdið eldsvoðanum í salthúsi Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar 22. október 1988. Hann hefur sem fyrr neitað sakargiftum, en ekki gert nægjanlega grein fyrir ferðum sínum nærri brunastað þetta kvöld, og virðist vera misræmi í framburði kærða og ofangreindrar Oddnýjar í þessu sambandi. Kærði tilkynnti sjálfur um eld í salthúsinu, áður en nokkur annar varð hans var.

Í málinu er eftir að afla skýrslna af þeim, sem fyrr eru greindir, og er unnið að því. Þá er ljóst, að afla þarf allra fánlegra sönnunargagna. Rannsókn fyrra málsins er ekki lokið. Að öllu framanrituðu athuguðu og rituðu þykir nauðsyn til bera að framlengja gæsluvarðhald kærða til 26. júní 1989 kl. 14.00, en telja verður, að hætta sé á, að hann reyni að hafa áhrif á vitni í málinu, og er úrskurðurinn því studdur við 67. gr., 1. mgr. 1. tl., laga nr. 74/1974. Verið er að rannsaka ætluð brot kærða gegn 164. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og samkvæmt þeim refsingum, sem

liggja við brotum á því lagaákvæði, er ákvæði 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, gæsluvarðhaldi ekki til fyrirstöðu.

Ekki er á þessu stigi rétt að kveða á um rannsókn á geðheilbrigði kærða með tilliti til sakhæfis hans, enda unnt að gera það á síðari stigum málsins.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gæsluvarðhald kærða, Bjartmars Hrafn Sigurðssonar, kennitala 260947-7969, til heimilis að Bankastræti 2 B, Stöðvarfirði, framlengist til mánudagsins 26. júní 1989 kl. 14.00.
